



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Hangout - 15.3.2016 kl. 18:00

Mætt:

Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Ragnar Róbertsson (RR), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Þórður Bragason (ÞB), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

Fjarverandi: Einar Gunnlaugsson (EG), Ari Jóhannsson (AJ), Jón Rúnar Rafnsson (JRR), Magnús Á Ástráðsson (MÁÁ)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Stjórn skiptir með sér verkum á eftirtalinn hátt:

- Varaformaður: Ragnar Róbertsson
- Gjaldkeri: Jón Bjarni Jónsson
- Ritari: Helga Katrín Stefánsdóttir

Ákveðið var að bæði stjórn og varastjórn verði boðuð á alla stjórnarfundum.

2. Fundir ársins

Samþykkt tillaga um skipulag funda. Raunfundir verði kl. 17:30 nema Einar komi í bæinn.

3. Fréttir og fjölmiðlamál

Samþykkt að koma fleiri litlum fréttum inná vefinn okkar og einnig inná Facebook. Ákveðið að prófa Blab.im og sjá hvernig það virkar. Einnig að skoða þáttagerð á ÍNN eða Hringbraut.

4. Frá FIA: European Project FIA Young female drivers selection / Registration process to the European Commission

Bréf kom frá FIA Women in Motorsport þar sem okkur var boðið að styðja við þetta verkefni.

Ákveðið að senda inn PIC númer fyrir 18. mars 2016.

5. Samnýting skrifstofu með MSÍ

MSÍ og AKÍS eru með skrifstofur hlið við hlið í byggingu 3 að Engjavegi. Ákveðið að fylgja þessu ekki frekar eftir.



6. Önnur mál

Menntanefnd - athuga hvort einhver kennararmenntaður fáist í þetta verkefni. Menntanefnd virki sem samhæfingaraðili milli keppnisráðanna. Notaðu Facebook síðuna til að leita að slíkum aðila.

Keppnisráð - núverandi keppnisráð starfi áfram fram yfir páska þegar stjórn skipar ný ráð. ÞA sendir á formenn félaganna ósk um tillögur að nefndarfólki.